

Sumartónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Gerður Bolladóttir  
sópran

Júlíana Rún Indriðadóttir  
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert

Priðjudaginn 10. ágúst 1999 kl. 20:30

## Efnisskrá

**Gerður Bolladóttir** hóf sögnám átján ára gömul við Tónlistarskólann á Akureyri. Kennarar hennar þar voru Antonia Ogonovsky og Margrét Bóasardóttir. Ári síðar lá leið hennar í Söngskólann í Reykjavík þar sem hún var við nám í eitt ár hjá þeim Ásrúnu Davíðsdóttur og Kristni Sigmundssyni. Frá 1991 stundaði hún nám hjá Sieglinde Kahman og síðan hjá Sigurði Demetz Franzsyni, en hún lauk burtfararprófi undir handleiðslu hans árið 1995. Gerður hefur stundað sögnám undanfarin fjögur ár við háskólann í Indiana, Bloomington. Aðalkennari hennar þar hefur verið Klara Barlow. Gerður hefur sungið í fjölmörgum kirkjum víða um land og tekið þátt í óperuuppfærslum hérlendis auk þess að halda einsöngstónleika. Á námsdvöl sinni ytra hefur Gerður sungið í óperu Workshop á vegum skólans, í uppfærslum á *Grímuballi* eftir Verdi í hlutverki Amelíu og í *Brúðkaupi Fígarós* eftir Mozart í hlutverki greifynjunnar. Þá hefur hún unnið með óperukór Tónlistarskólans í Bloomington og tekið þátt í sýningum, m.a. á *Madame Butterfly* eftir Puccini.

**Júlíana Rún Indriðadóttir** lauk píanókennaraprófi og einleikaraprófi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar þar sem aðalkennari hennar var Brynja Guttormsdóttir. Júlíana stundaði framhaldsnám í Berlín á árunum 1989 til 1994 undir leiðsögn prófessors Georg Sava. Eftir tveggja ára dvöl hérlendis hóf Júlíana nám við háskólann í Indiana, Bloomington og lauk þaðan meistaragráðu í píanóleik árið 1998. Aðalkennarar hennar þar voru Jeremy Denk og Edward Auer. Júlíana hlaut Tónvakaverðlaun Ríkisútværpsins árið 1995. Hún hefur haldið tónleika víða um land og komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Júlíana starfar við kennslu, undirleik og kórstjórn.

Claude Debussy  
1862-1918

Charles Gounod  
1818-1893

Robert Schumann  
1810-1856

Richard Wagner  
1813-1883

Páll Ísólfsson  
1893-1974

Sigvaldi Kaldalóns  
1881-1946

Edvard Grieg  
1843-1907

Francesco Cilea  
1866-1950

Giuseppe Lillo  
1814-1863

Romance  
Mandoline

Úr óperunni *Fást*  
Air des bijoux

Widmung, Op. 25 No. 1  
Der Nussbaum, Op. 25 No. 3

Úr ljóðaflokknum *Wesendonck*,  
*Gedichte von Mathilde*  
Der Engel  
Schmerzen

Í dag skein sól  
Vögguvísá

Ég lít í anda liðna tíð  
Leitin

Med en vndlilje, Op. 25 No. 4  
En drøm, Op. 48 No. 6

Úr óperunni *Adriana Lecouvreur*  
Poveri fiori

Úr óperunni *Osteria*  
Domaní, o me felice